

Notandahandbókin fyrir stjórnborðið inniheldur upplýsingar um hvernig á að stjórna hjólastólnum. Model 3 rafmagnshjólastólarnir eru með ný tákn sem eru frábrugðin þeim sem eru í notandahandbókinni. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá myndútskýringar af tákndæmum.

Hægt er að finna notandahandbókina fyrir stjórnborðið hér:



[https://documentation.permobil.com/manuals/control\\_panels/](https://documentation.permobil.com/manuals/control_panels/)

Grunntákn	Gamalt	Nýtt	Tákndæmi	Gamalt	Nýtt
Héri			Sætislyfta		
Skjaldbaka			Sætishalli		
Áhersla			Bak		
Hitastig			Fóthvíla		
Skriðstilling					

Hér á eftir eru lýsingar á nokkrum nýjum aðgerðum í stjórnborðinu.

## 1. Staða rafhlöðu

- Staða rafhlöðunnar er birt á eftirfarandi hátt:
  - grænt ljós 45–100%
  - gult ljós 25–44%
  - rautt ljós 0–24%
- Rafhlöðustíkan blikkar þegar hún breytist frá grænu í gult og á milli gulra stiga. Hún blikkar endurtekið þegar ljósið er rautt.
- Staða rafhlöðunnar er einnig birt sem prósentutala við hliðina á rafhlöðustíkanum. Hún breytist í fimm prósentu þrepum.

## 2. Örvar

- Örvarnar sýna í hvaða áttir er hægt að stilla aðgerð.
- Örin er grá ef áttin er ekki stillanleg.
- Örin blikkar á milli hvítt og grátt þegar aðgerð hefur náð endastöðu sinni.

Í töflunni hér að neðan má sjá samanburð af gömlum og nýjum skjámyndum á stjórnborðinu.

Yfirlit skjámyndar	Gamalt	Nýtt
<p><b>A</b> Nafn forstillingar</p> <p><b>B</b> Stefnumljós til vinstri (og halli fóthvílu)</p> <p><b>C</b> Hámarkshraðagaumljós</p> <p><b>D</b> Hættuljós (og sætislyfta)</p> <p><b>E</b> Gaumljós rafhlöðu</p> <p><b>F</b> Klukka</p> <p><b>G</b> Ljós (og bakhalli)</p> <p><b>H</b> Númer forstillingar</p> <p><b>I</b> Stefnumljós til hægri (og sætishalli)</p> <p>Ⓞ Núverandi hraði eða takmarkanir í sætisstillingu, sjá hér fyrir neðan.</p>		

### 3. Hringur Ⓞ

- Í akstursstillingu eru allar takmarkanir á hámarkshraða sýndar sem hringur og appelsínugul skjaldbaka.

Hámarkshraðinn er stilltur á 6 km/klst. og engar takmarkanir eru í notkun.	
Hámarkshraðinn er stilltur á 3 km/klst., sem er sýnt með tveimur leiðum: – styttri stiku vinstra megin fyrir stillingu hámarkshraða, og – appelsínugulri skjaldböku á miðri skjámyndinni.	

- Í sætisstillingu merkir liturinn á hringnum ólík atriði:

Grænn litur merkir að hámarkshraðinn er ekki takmarkaður af virku sætisstillingunni.	
Gulur litur merkir að hámarkshraðinn er takmarkaður af virku sætisstillingunni.	
Rauður litur merkir að akstur er takmarkaður af virku sætisstillingunni.	